

REGLUGERÐ**um sektargerðir lögreglumanna.****73**

6. júlí

1. gr.

Lögreglumenn hafa heimild til að sekta vegfarendur, er gerzt hafa sekir um brot á umferðarlögum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, enda megi telja, að refsing fyrir brotið myndi ekki fara fram úr 300.00 kr. sekt samkvæmt dómi. Sama gildir um brot á ákvæðum lögreglusamþykktá, er varða umferð.

2. gr.

Vegfarandi samkv. 1. gr. er hver sá, sem fer um veg eða er staddur á vegi eða í ökutæki á vegi.

3. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur lögreglustjórum í té skrá yfir brot þau, sem sektarheimild samkvæmt reglugerð þessari nær til. Í skránni skal tilgreind sektarupphæð fyrir hverja tegund brots. Skal sökunautur eiga þess kost að kynna sér skrána, er hann greiðir sekt. Prenta má skrána eða hluta af henni á tilkynningareyðublað, sbr. 5. gr.

4. gr.

Nú verður lögreglumaður þess áskynja, að vegfarandi hafi framið brot samkv. 1. gr. sbr. 3. gr. og má lögreglumaður þá gefa honum kost á að greiða sekt fyrir brot sitt í skrifstofu lögreglustjóra innan viku. Greiði sökunautur sektina innan þess tíma og fallist á þau málalok, sbr. 4. mgr. 112. gr. 1. nr. 27 5. marz 1951, verður eigi frekar aðhafzt í máli hans. Nú þykir ákvörðun lögreglumanns fjarstæð og ákveður dómari eða saksóknari, að mál skuli tekið til meðferðar að nýju, enda fellir dómari þá ákvörðun lögreglumanns úr gildi.

5. gr.

Pegar lögreglumaður hefur ákveðið að nota heimild sína samkv. 1. gr., skal hann afhenda sökunaut eða festa á ökutæki hans tilkynningu um brotið. Á tilkynningareyðublaðinu skal tekið fram um tíma og stað umferðarbrotsins og greint frá því, að sökunautur eigi þess kost að ljúka málinu með greiðslu sektar í skrifstofu lögreglustjóra innan viku. Enn fremur skal þar greina, hvert sekt renni.

6. gr.

Samþykki sökunautur sektarákvörðun lögreglumanns, ritar hann nafn sitt því til staðfestu á tilkynningareyðublað það, sem um ræðir í 5. gr., og skilar því í skrifstofu lögreglustjóra ásamt sektargreiðslunni. Nú greiðist sekt ekki innan hins tilskilda frests og skal þá senda kærú til dómara með venjulegum hætti. Dómari fellir þá ákvörðun lögreglumanns úr gildi og lýkur máli lögum samkvæmt.

7. gr.

Sektargerðir samkvæmt reglugerð þessari skulu ekki færðar í sakaskrá ríkisins.

8. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar ná ekki til brota, sem leitt hafa til umferðarslysá eða ef telja má, að sökunautur yrði með dómi sviptur rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki vegna brotsins, sbr. 1. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 26 1958.

B 20

73

9. gr.

6. júlí Lögreglustjórar halda sektabók, þar sem færðar eru innheimtar sektir. Tilkynningareyðublað skal varðveitt sem fylgiskjal.

10. gr.

Kostnaður við eyðublöð og annað, sem sérstaklega leiðir af framkvæmd reglugerðar þessarar, greiðist úr ríkissjóði.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 27 5. marz 1951 um meðferð opinberra mála, og öðlast gildi þegar í stað.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. júlí 1961.

Bjarni Benediktsson.

Baldur Möller.

74

6. júlí

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Ísafjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Ísafjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Ljós.

1. Um kwst.mæli á kr. 3.10 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.40 hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 16.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verzlunum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 5.00 af fermetra á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.mæli á 77 aura hverja kwst. Auk fastagjalds kr. 5.75 á mánuði af hverju íbúðarherbergi. Mælaleiga falli þá niður. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi, þvottahús og geymslur. Herbergi, sem er minna en 7 fermetrar, skal telja sem hálft, þó þannig, að eigi skal greiða fastagjald af herbergjum, sem eru minni en 5 ferm. Herbergi, sem eru stærri en 25 fermetrar, skal telja sem tvö.
2. Til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða má selja raforku til suðu og hitunar um sérmæli á 77 aura hverja kwst., enda séu suðu- og hitatæki fasttengd, og öll önnur notkun seld eftir lið A.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli kr. 7.75 hver kwst. til iðnaðar.
2. Um kwst.mæli til fiskiðnaðar, ef uppsett vélaafl fastra véla er yfir 16 kw. 72 aura hver kwst.

Framangreint raforkuverð miðast við, að fasviksstuðull álags hjá notanda sé eigi lægri en 0.8. Sé hann lægri getur rafveitan krafizt þess, að hann sé hækkaður upp í það gildi, ella greiði kaupandi herra verð fyrir raforkuna, eftir sérstökum reglum, sem hún setur, staðfestum af ráðherra.